

Stjórnarfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi.

Haldinn á Akureyri þann 12. maí kl. 14:00 í Gömlu gróðrarstöðinni.

Mætt voru: Anna Ragnarsdóttir formaður, Páll Ingvarsson, Davíð Herbertsson og Helga Sigurrós Bergsdóttir. Sigurlína Jóhannesdóttir og Valgerður Jónsdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Skógarganga
2. Aðalfundur LSE 2013
3. Aðalfundur LSE 2014

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fyrirhuguð skógarganga að Harmri og Gunnfríðarstaðarskógi í Austur-Húnavatnssýslu, fimmtudaginn 20. júní Haft hefur verið samband við Erling á Hamri, mæting á hlaðinu hjá honum kl. 20:30 og eftir gönguna hjá honum veður boðið upp á ketilkaffi og safa í Gunnfríðarstaðarskógi.
2. Aðalfundur LSE verður að þessu sinni í Hveragerði dagana 30.-31. ágúst. Æskilegt er að sem flestir stjórnarmenn Félags skólgarbænda á Norðurlandi mæti á fundinn.
3. Komið er að okkur að halda aðalfund LSE næsta árs, rætt var um hugsanlega staðsetningu og kemur Akureyri sterklega til greina. Páli falið að aðhuga með fundaraðstöðu, gistingu, og kostnað, t.d. á Icelandair hótelinu (Gamli Iðnskólinn)
Stefnt er á síðustu helgina í ágúst 2014 eða helgina þar á undan.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:40

Helga Sigurrós Bergsdóttir ritari.